

Leiðbeiningar um val í INNU til nemenda

FYRSTA SKREF

1. Til að komast í INNU þarftu að hafa notandanafn og aðgangsorð. Notandanafnið er INNU númerið þitt (t.d. MÍ12345) en aðgangsorðið geturðu fengið hjá ritara ef þú hefur ekki enn sótt það.
2. Opnaðu heimasíðu skólans www.misa.is og veldu **Fréttir**
3. Finndu upplýsingar um framvindu fyrir verknám eða bóknám. Þar finnur þú upplýsingar um hvaða áfanga þú þarft að velja á vorönn 2013. Athugaðu vel að þú sért með framvindu fyrir þína braut og þitt ár.
4. Þú getur prentað út eða skrifað niður hvaða áfanga þú vilt taka á næstu önn af þeim sem í boði eru. Þú getur líka skoðað hvaða áfangar eru á þinni braut á heimasíðu skólans (undir Námið - Brautir)
5. Þú átt að velja 2-3 áfanga til að hafa sem **VARAVAL** (mjög **mikilvægt**). Athugaðu að þú verður að vera búin/n með undanfara
6. Þú átt að velja 17-19 einingar í aðalval (u.þ.b. 5-6 áfanga með íþróttum)

ANNAÐ SKREF

1. Opnaðu INNUNA frá heimasíðu skólans. Stundataflan þín kemur upp
2. Smelltu á NÁMSFERILL (á borðanum vinstra megin)
3. Smelltu á SKRÁ ÁFANGA (grár hnappur, ofarlega, hægra megin)
4. Staðfestu að önnin sé rétt, **2013** Dagskóli (Velja)
5. Skráðu einn áfanga í einu. Veldu áfangann, aðeins eru sjáanlegir þeir áfangar sem eru í boði.
6. **Tilgreindu** uppbyggingu, þ.e. hvort áfanginn er **KJARNI, KJÖRSVIÐ eða VAL**
7. Veldu AÐALVAL eða VARAVAL
8. Smelltu á NÝSKRÁ
9. Ef þú gerir villu eða þarft að eyða áfanga: Smelltu á áfangann og veldu EYÐA. Ef þú vilt eyða öllu og byrja upp á nýtt: Smelltu á NÁMSFERILL og svo EYÐA ÁÆTLUN (efst í hægra horni)
10. Ath. allir þurfa að velja íþróttir!

Umsjónarkennarar aðstoða nemendur yngri en 18 ára við valið. Eldri nemendur geta leitað aðstoðar hjá námsráðgjöfum eða áfangastjóra. Það er mikilvægt til að allir nemendur sem ætla sér að stunda nám í skólanum á vorönn velji áfanga til að vera með í pottinum þegar stundataflan er gerð.

Vali þarf að vera lokið í síðasta lagi nk. fimmtudag, 25. október. Ef þú hefur ekki gengið frá valinu þá, verður litið svo á að þú ætlir ekki að koma í skólann á vorönn = enginn gíróseðill, engin stundatafla.

Gangi þér vel, áfangastjóri.